

b



BOLUNGARVÍK

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 2493

Ár 2026, þriðjudaginn 5. maí kl. 16:15, kom bæjarráð Bolungarvíkur saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður, Ástrós Þóra Valsdóttir og Þorbergur Haraldsson. Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti bæjarráðs

Lagt fram til kynningar

Verkefnalisti kynntur.

1. Ársreikningur 2025

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarráð vísar ársreikningi til síðari

2. Beiðni um viljayfirlýsingu vegna Vestfirsku listaleiðarinnar

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóri kynnti beiðni frá Kristni Hróbjartsyni fyrir hönd óstofnaðs sjálfseignarstofnunar („Vestfirska listaleiðin“) um gerð viljayfirlýsingu við sveitarfélagsið um skipulagningu og úthlutun lóðar vegna uppsetningar á listaverki almannarými.

Bæjaráð tekur vel í erindið og tekur undir með bréfitara um mikilvægi listarinnar og fagnar því að listafólk sjái tækifærin í Bolungarvík.

3. Lokun kjörbúðarinnar í Bolungarvík

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram bréf frá Vífil Ingimarssyni, framkvæmdastjóra nettó, prís og kjörbúðarinnar, þar sem tilkynnt er um útsölu í kjörbúðinni 11.maí og að henni verði lokað í kjölfarið.

Niðurstaða stjórnenda kjörbúðarinnar veldur bæjarráði Bolungarvíkur vonbrigðum. Það er metnaðarleysi að bregðast ekki við aðstæðum í rekstri og gera viðeigandi úrbætur með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Það vekur upp spurningar um stefnu og framtíðarsýn fyrirtækisins um þjónustu þeirra við alla landsmenn og þá sérstaklega samfélög á landsbyggðinni. Hvaða búð verður lokað næst?

Lokun búðarinnar skilgreinir ekki samfélagið. Bolungarvík er sterkara en það.

Bæjarráð felur bærarstjóra að færa öll viðskipti sveitarfélagsins úr kjörbúðinni í Bjarnarbúð samstundis og hvetur bæjarbúa að gera slíkt hið sama. Hvort sem heldur er í dag eða á útsölunni umræddu. Það er ekki þess virði að kaupa niðursoðna tómata á útsölu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:10

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir
Þorbergur Haraldsson

Ástrós Þóra Valsdóttir
Jón Páll Hreinsson